

Gerðardómur

í máli Tollvarðafélags Íslands og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs

Greinargerð og dómsorð

1. Skipan dómsins

Með bréfi dags. 16. maí 2014 tilkynnti Ríkissáttasemjari um skipan gerðardóms á grundvelli ákvæðis í kjarasamningi Tollvarðafélags Íslands, TFÍ, og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs frá 5. júní 2002, en sem kunnugt er, hafa tollverðir ekki verfallsrétt.

Kjarasamningur deiluaðila rann út 31. janúar 2014. Þann 16. apríl 2014 hófust kjaraviðræður TFÍ og fjármála- og efnahagsráðherra. Haldnir voru tveir fundir milli aðila án þess að til samkomulags kæmi. Á fundi hjá ríkissáttasemjara ákvað TFÍ að skjóta kjaradeilu félagsins og Samninganefndar ríkisins til gerðardóms með bréfi dags. 5. maí 2014.

2. Reifing málsins

Í 5. og 6. tl. fylgiskjals með kjarasamningnum frá 5. júní 2002 um störf dómsins segir að dómurinn setji sér starfsreglur og skuli hann í úrskurði sínum hafa til hliðsjónar þær tillögur sem deiluaðilar hafa sett fram. Setti dómurinn sér m.a. reglur um atkvæðagreiðslu og að auki var óskað eftir frekari gögnum frá málsaðilum og var orðið við því. Dómurinn gaf einnig kost á að deiluaðilar legðu fram viðbótargögn að eigin frumkvæði.

Af hálfu fjármála- og efnahagsráðherra (fjr.) var lögð áhersla á að vinna áfram með öðrum aðilum vinnumarkaðarins að sameiginlegum markmiðum, svo sem lægri verðbólgu, auknum kaupmætti og stöðugleika í íslensku efnahagslífi til lengri tíma.

Því taldi fjr. ekki forsendur til að TFÍ fengi aðrar hækkanir en þær sem sömdust um í kjarasamningi fjr. og SFR dags. 27. mars 2014, þ.e. 2,8% grunnkaupshækkun eða 8.000 kr að lágmarki og viðbótarhækkun um kr. 1.750 á laun lægri en 230.000. Þessu til viðbótar kæmi svo 0,5% hækkun eins og um hefði samist hjá SFR skv. bókun 4.

Á fyrsta fundi gerðardómsins lögðu tollverðir fram greinargerð Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um samanburð á kjörum tollvarða og annarra opinberra starfsmanna frá maí 2011 til 2014. Á grundvelli þess samanburðar gerðu tollverðir þá kröfu að dagvinnulaun þeirra hækkuðu um 5,3% til viðbótar þeirri hækkun sem fjr. hefði boðið þeim.

Að auki kröfðust tollverðir þess að þeir yrðu leystir frá embætti við 65 ára aldur eða fyrr; að heimilt verði að ráða mann tímabundið í stöður vegna forfalla, þrátt fyrir að tilskilin menntun sé ekki fyrir hendi, enda fullnægi viðkomandi skilyrðum um ráðningu tollvarða og enginn með próf frá Tollskóla ríkisins sé tiltækur í stöðuna; að gerðar verði breytingar á ákvæðum bakvakta til samræmis við þau ákvæði sem gilda um lögreglumenn; að við útkallstíma bætist ein klukkustund; að ákvæðum um fatahreinsun verði breytt á þann hátt að í stað fatahreinsunar komi mánaðarleg, verðtryggð, skattfrjáls greiðsla til að mæta umhirðu einkennisklæðnaðar;



að stofnanasamningur sé færður inn í kjarasamning; og að síðustu að framlag til starfsmenntunarsjóðs hækki úr 0,22% í 0,4% og renni framlagið í nýjan eigin sjóð TFÍ og jafnframt gangi TFÍ úr starfsmenntunarsjóði BSRB.

Á öðrum fundi gerðardóms gerðu tollverðir þá viðbótarkröfu að gildistími nýs kjarasamnings verði frá 1. febrúar 2014 sbr. kjarasamning Landssambands löggreglumanna gegn því að eingreiðsla að fjárhæð kr. 14.600 falli út. Þá kom fram sú krafa TFÍ að breytingar verði gerðar á ákvæðum um fræðslumál, þ.e. aukin réttindi hvað varðar endurmenntun og launagreiðslur í námsleyfi.

Af hálfu fjármála- og efnahagsráðherra voru á öðrum fundi gerðardóms lögð fram töluleg gögn úr launakerfi ríkisins. Þar kom m.a. fram að meðaldagvinnulaun tollvarða hefðu hækkað um 13,4% á tímabilinu frá maí 2011 til janúar 2014 á meðan önnur sambærileg félög innan BSRB hefðu hækkað um 19,8% á sama tímabili. Þarna væri 6,3% munur tollvörðum í óhag, en þegar tekið væri tillit til áhrifa krónutöluhækkan (1,05%) og jafnlaunaátaks 2013 (1,41%), sem hafði engin áhrif á kjör tollvarða, þá lækkaði framangreindur munur niður í 3,84%. Skýring á þessum mun kynni að felast í ólíkum ákvæðum innan stofnanasamninga.

3. Viðmið og túlkun gagna

Við endanlega niðurstöðu gerðardómsins hefur dómurinn einna helst tekið tillit til eftirfarandi þriggja atriða:

- Próunar kjaramála tollvarða á undanförnum árum og þá sérstaklega með samanburði við kjör sambærilegra félaga innan BSRB.
- Kjarasamnings fjármála- og efnahagsráðherra við SFR frá 27. mars 2014
- Almenns lífeyrisaldurs opinberra starfsmanna og laga um hann.

Sé litið til þróunar í kjaramálum TFÍ þá kemur í ljós að meðaldagvinnulaun tollvarða hafa hækkað minna en hjá sambærilegum félögum innan BSRB. Þetta hefur gerst þrátt fyrir að öll félögin hafa fengið sömu kjarasamningsbundu áfangahækkanir á síðasta samningstímabili. Dómurinn telur þó óhjákvæmilegt að taka tillit til áhrifa krónutöluhækkan og jafnlaunaátaks 2013 þegar lagt er mat á meðalbreytingar dagvinnulauna tollvarða annars vegar og sambærilegra stéttu hins vegar. Krónutöluhækkanir leiða til hækunar í prósentum í lægstu launaflokkunum umfram þá prósentuhækjun sem almennt er samið um, og sú umframhækjun eykst eftir því sem launin eru lægri. Hlutfallslega færri tollverðir fengu krónutöluhækkanir en félagsmenn innan sambærilegra BSRB-félaga, og þar af leiðandi fengu þeir lægri prósentuhækjun að meðaltali en viðmiðunarhóparnir. Það sama gerist í jafnlaunaátakinu. Þar sem ekki þurfti að leiðréttta félagsmenn innan TFÍ á grundvelli kyns, hefur það í för með sér lægri meðaltalshækunarprósantu hjá þeim í samanburði við viðmiðunarhópa. Þegar búið er að draga frá áhrif krónutöluhækkan og jafnlaunaátaks er munurinn eins og fram kemur í reifingu málsins 3,84% tollvörðum í óhag.

Sé litið til löggreglumanna sérstaklega og breytinga á meðaldagvinnulaunum þeirra í samanburði við tollverði þá fæst álík niðurstaða (litið eitt lægri) að teknu tilliti til krónutöluhækkan og jafnlaunaátaks. Leiða má líkur að því, að þessi munur stafi að einhverju leyti til ákvæða

innan stofnanasamninga, en ekki hefur tekist draga fram þætti sem hönd á festir í því sambandi, þar sem gögn liggja ekki fyrir til nánari greiningar. Það er því mat dómsins að gild rök séu fyrir leiðréttigu á þessum mun, þ.e. 3,84%. Þá fellst dómurinn á þá kröfu TFÍ að gildistími nýs kjarasamnings aðila verði frá 1. febrúar 2014 enda falli eingreiðsla að fjárhæð 14.600 kr. niður.

Gerðardómurinn fellst ekki á kröfur TFÍ varðandi breytingar á bakvöktum einkum með hliðsjón af því að í bígerð er að endurskoða bakvaktakvæði í heild innan BSRB og stefnt að því að þeim verði breytt í næstu kjarasamningum. Þá telur dómurinn ekki ástæðu til þess að fjölgu útkallstímum umfram það sem almennt tíðkast í kjarasamningum.

Gerðardómurinn telur að þrátt fyrir að gild rök séu fyrir því að TFÍ stofni eigin starfsmenntasjóð, sé það ekki á forræði dómsins að taka ákvörðun um slíkt.

Lífeyrisaldri opinberra starfsmanna verður ekki breytt nema með lögum frá Alþingi. Gerðardómurinn hefur því ekki forræði yfir breytingum af því tagi sem TFÍ gerir kröfur um.

Með því að virða ofangreinda þætti og setja þá í samhengi hefur dómurinn komist að eftirfarandi niðurstöðu:

Dómsorð

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist með eftirfarandi breytingum og viðbótum:

Inngangur

Aðilar eru sammála um að vinna áfram með öðrum aðilum vinnumarkaðarins að sameiginlegum markmiðum, svo sem lægri verðbólgu, auknum kaupmætti og stöðugleika í íslensku efnahagslífi til lengri tíma. Þá er einnig markmið að stuðla að bættum vinnubrögðum við samningagerð meðal annars til að skapa samfelli og einfalda og samræma kjarasamninga auk þess sem lögð verði áhersla á að nýr kjarasamningur taki við af eldri samningi.

Samkomulag BSRB og fjármála- og efnahagsráðherra varðandi viðræðuáætlun og önnur atriði svo sem fyrirkomulag á 0,1% viðbótarframlagi til fræðslumála og endurskoðun lífeyrisréttinda gildir einnig um þennan samning og verður hluti hans.

1. gr. Gildistími

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist frá 1. febrúar 2014 til 30. apríl 2015 með þeim breytingum og fyrirvorum sem í samningi þessum felast og falla þá úr gildi án frekari fyrirvara.



**2. gr.
Launahækkanir**

Í stað launatöflu í gr. 1.1.1 í kjarasamningi Tollvarðafélags Íslands og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs komi ný launatafla sem gildi frá 1. febrúar 2014. Launatöfluna er að finna á fylgiskjali.

Röðun félagsmanna í einstaka launaflokka helst óbreytt við þessa töflubreytingu.

Þann 1.4.2015 verði greidd eingreiðsla 20.000 kr. miðað við þá sem eru í fullu starfi í febrúar 2015. Þeir sem eru í hlutastarfi og/eða hafa starfað hluta úr mánuði skulu fá hlutfallslega greiðslu. Eingreiðslan nær til allra starfsmanna í föstu ráðningarsambandi utan þeirra sem eru í launalausu leyfi.

Lágmarkstekjur fyrir fullt starf skv. kjarasamningum skulu ekki vera lægri en 214.000 kr. á mánuði frá 1. febrúar 2014 fyrir starfsmenn 18 ára og eldri sem starfað hafa fjóra mánuði samfellt hjá sömu stofnun.

**3. gr.
Persónuuppbót og orlofsuppbót**

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2014 73.600 kr.

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2014 39.500 kr.

**4. gr.
Framlagning vaktskrár**

2.6.2 Þær sem unnið er á reglubundnum vöktum, skal vaktskrá er sýnir væntanlegan vinnutíma hvers starfsmanns, lögð fram mánuði áður en fyrsta vakt samkvæmt skránni hefst nema samkomulag sé við starfsmenn um skemmri frest. Ef vaktskrá er breytt með skemmri fyrirvara en 24 klst., skal viðkomandi starfsmanni greitt aukalega 3 klst. í yfirvinnu. Sé fyrirvarinn 24-168 klst. (ein vika) skal greiða 2 klst. í yfirvinnu.

Hér er eingöngu átt við breytingu á skipulagðri vakt en ekki aukavakt.

Taki starfsmaður vakt umfram vinnuskyldu, með minna en 24. klst. fyrirvara á tímabilinu kl. 17:00-24:00 á föstudögum, kl. 24:00-08:00 mánudaga til föstudaga, kl. 00:00-24:00 laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga, sbr. gr. 2.1.4.2 miðað við 8 klst. vakt, skal greiða 2 klst. í yfirvinnu og hlutfallslega fyrir lengri eða stytti vaktir.


5. gr.

Vinnusókn og ferðir

5.4.3 Þær stofnanir sem staðsettir eru a.m.k. 1,5 km utan ytri marka næsta þéttbýlis skulu, í stofnanasamningi skv. kafla 11, semja um greiðslur ferðakostnaðar fyrir þá starfsmenn sem ekki búa á staðnum.

Reykjavík, 13. júní 2014


Í samræmi við reglur sem dómurinn setti sér um atkvæðagreiðslu var framangreint dómsorð samþykkt með atkvæði formanns en tveir dómendur sátu hjá.



Stefán Már Halldórsson
formaður dómsins



Pétur Jónasson
tilnefndur af fjármála- og efnahagsráðherra



Ársæll Árnason
tilnefndur af Tollvarðafélagi Íslands

Fylgiskjal með gerðardómi dags 13. júní 2014

Launatafla Tollvarðafélags Íslands**Gildir frá 1. febrúar 2014**

Lfl/prep	0	1	2	3	4	5	6	7	8
01	228.008	231.718	235.428	239.138	242.848	245.540	248.179	250.872	252.546
02	235.428	239.324	243.220	246.097	247.904	251.799	253.659	255.519	259.415
03	243.220	246.292	248.294	251.419	254.438	256.493	259.512	262.530	264.585
04	248.294	251.625	254.847	257.107	260.331	262.482	265.813	269.144	271.296
05	254.847	257.321	260.759	263.126	265.707	269.146	272.585	277.094	281.604
06	260.759	263.352	266.158	268.751	273.486	278.221	282.956	287.691	292.426
07	266.158	268.988	273.959	278.931	283.903	288.875	293.846	298.819	303.790
08	273.959	279.180	284.400	289.621	294.841	300.062	305.282	310.502	315.722
09	284.400	289.881	295.362	300.845	306.326	311.807	317.289	322.770	328.251
10	295.362	301.118	306.874	312.629	318.385	324.140	329.896	335.651	341.512
11	306.874	312.917	318.960	325.004	331.047	337.090	343.311	348.495	353.679
12	318.960	325.306	331.651	337.997	344.571	350.069	355.569	361.093	366.784
13	331.651	338.314	345.232	351.061	356.891	361.649	367.681	373.136	380.517
14	345.232	351.408	357.584	362.727	369.119	374.950	382.744	390.539	398.332
15	357.584	363.104	369.873	376.118	384.304	392.486	400.668	408.853	417.036
16	369.873	376.527	385.121	393.714	402.305	410.899	419.492	428.083	436.676
17	385.121	394.143	403.165	412.188	421.210	430.231	439.254	448.277	457.298
18	403.165	412.639	422.112	431.585	441.059	450.531	460.006	469.480	478.952
19	422.112	432.060	442.006	451.954	461.901	471.848	481.795	491.742	501.687
20	442.006	452.450	462.895	473.339	483.783	494.228	504.673	515.117	525.561
21	462.895	473.863	484.829	495.796	506.761	517.729	528.695	539.662	550.628
22	484.829	496.343	507.860	519.374	530.888	542.403	553.919	565.433	576.948
23	507.860	519.951	532.040	544.132	556.222	568.313	580.404	592.495	604.585
24	532.040	544.735	557.430	570.125	582.821	595.517	608.212	620.907	633.602
25	557.430	570.762	584.091	597.421	610.750	624.081	637.411	650.741	664.070
26	584.091	598.087	612.084	626.081	640.077	654.074	668.069	682.066	696.063
27	612.084	626.781	641.477	656.174	670.870	685.565	700.263	714.959	729.656
28	641.477	656.906	672.340	687.770	703.202	718.632	734.064	749.496	764.925
29	672.340	688.543	704.745	720.948	737.150	753.354	769.556	785.758	801.961
30	704.745	721.757	738.771	755.783	772.797	789.808	806.822	823.835	840.848

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Jón" above a more complex, stylized signature.